

DEILISKIPULAG VÍÐIHLÍÐAR Í GRINDAVÍK

ÓVERULEG BREYTING Á SKilmálum

Mál nr.: 2309042

Greinargerð breytingar

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, m.s.br. Í gildi er deiliskipulag Víðihlíðar samþykkt af bæjarstjórn 10.12.2003. Deiliskipulagssvæðið var stækkað að hópsbraut og Austurvegi með breytingu samþykkti 30.08.2016. Breyting var gerð árið 2021 sem tók til fjlölbýlishúsalóða og var byggingarreitur austan hjúkrunarheimilis Víðihlíðar stækkað til austurs. Þar var meðal annars skilmálum í greinargerð gildandi skipulags í kafla 1.2. um aldur íbúa breytt. Gildandi skilyrði um aldur er því í breyttu deiliskipulagi frá 2021.

Deiliskipulagsbreyting

Gerð er skilmálabreyting sem snertir eingöngu eins orða textabreytingu. Aldri íbúa sem ætlað er að búa á íbúðarsvæði fyrir íbúðir í fjlölbýlishúsum, raðhúsum, parhúsum og einbýlishúsum er lækkaður úr 55 ára og eldri í 50 ára og eldri. Fallið er frá grenndarkynningu skv. 3.mgr. 44. gr. þar sem breyting varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins.

Núverandi texti deiliskipulagsbreytingarinnar frá 2021:

Breyttir skilmálar

1.2 Staðsetning og afmörkun svæðis, núverandi og fyrirhugaðar byggingar

Á deiliskipulaginu eru skilgreind tvö svæði:

I: Stofnanasvæði Víðihlíðar, þar sem gert er ráð fyrir nýbyggingum við dvalarheimilið til norðvesturs og austurs. Austan við Víðihlíð er gert ráð fyrir samkomusal.

II: Íbúðarsvæði fyrir íbúðir í fjlölbýlishúsum, raðhúsum, parhúsum og einbýlishúsum, allt ætlað 55 ára og eldri. Heimilt er valkvætt að gera bílageymslur milli parhúsa eða byggja íbúð í stað tveggja bílageymslina. Heimild er fyrir bílageymslum neðanjarðar fyrir fjlölbýlishús.

Texti eftir breytingu verður:

Nýir skilmálar:

1.2 Staðsetning og afmörkun svæðis, núverandi og fyrirhugaðrar byggingar

Á deiliskipulaginu eru skilgreind tvö svæði:

I: Stofnanasvæði Víðihlíðar, þar sem er gert ráð fyrir nýbyggingum við dvalarheimilið til norðvesturs og austurs. Austan við Víðihlíð er gert ráð fyrir samkomusal.

II: Íbúðarsvæði fyrir íbúðir í fjlölbýlishúsum, raðhúsum, parhúsum og einbýlishúsum, allt ætlað 50 ára og eldri. Valkvætt er að gera bílageymslur milli parhúsa eða byggja íbúð í stað tveggja bílageymslina. Heimild er fyrir bílageymslum neðanjarðar fyrir fjlölbýlishús.

SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi sem hlotið hefur málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í skipulagsnefnd Grindavíkurbaðar þann 18. sept. 2023.


Alfi Geirfitsson
Skipulagsfulltrúi Grindavíkurbaðar



Skipulagsfulltrúinn
í Grindavík

Samþykkt deiliskipulagsbreyting var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 13. okt. 2023.



GRINDAVÍKURBAÐAR

Breyting varðar eftirfarandi skipulag:

- Grindavík Víðihlíð deiliskipulag (í gildi síðan 2003)
- Breyting á Grindavík Víðihlíð deiliskipulag (í gildi síðan 2021)

Deiliskipulagsbreyting: Skilmálabreyting

Verk:	Blaðstærð:	Unnið:	Rýnt:
001	A4	EB	fG/AGJ

Dags: 25.sept. 2023 Dags. breytt.: _____